

Laugardaginn 22. júní 1957.

Nr. 98/1957. **Ákærvaldið** (Jón P. Emils hdl.)

gegn

**Ingveldi Ólafsdóttur og Helga Trausta Hjartarsyni** (Geir Hallgrímsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Brot gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 212/1953. Sýknað af ákæru fyrir brot á 2. sbr. 4. gr. laga nr. 63/1950.

### Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærðu, hvors um sig, ákveðst 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 100 daga í stað hvorrar sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00 til hvors.

### Dómsorð:

Ákærðu, Ingveldur Ólafsdóttir og Helgi Trausti Hjartarson, greiði, hvort um sig, 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 100 daga í stað sektar hvors þeirra, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns P. Emils og Geirs Hallgrímssonar héraðsdómslögmannna, kr. 4000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. maí 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 22. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni kveðinn upp dómur í málinu nr. 1593—1594/1957: Ákærvaldið gegn Ingveldi Ólafsdóttur og Helga Trausta Hjartarsyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 13. þ. m.

Mál þetta er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. marz s.l., höfðað gegn ákærða Ingveldi Ólafsdóttur, Hávallagötu 43 hér í bæ, og Helga Trausta Hjartarsyni framkvæmdastjóra, sama stað, fyrir

1. að byggja, innrétta og taka í notkun fyrir skrifstofur 3. hæð hússins nr. 16 við Skólavörðustíg hér í bæ á árinu 1955 og til maíbyrjunar 1956, þótt nefnd hæð væri teiknuð sem íbúðarhúsnæði og samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur þannig, svo og án þess að fjárfestingarleyfi væri fengið fyrir byggingu þessarar hæðar. Nefnd hæð er eign ákærða Ingveldar, en allar framkvæmdir varðandi byggingu hæðarinnar, innréttingu og ráðstöfun annaðist meðákærði Helgi samkvæmt ótadmörkuðu umboði frá Ingveldi.

2. að byggja, innrétta og taka í notkun 2. hæð nefnds húss til verzlunarreksturs eftir 23. ágúst 1956, þótt nefnd hæð væri teiknuð sem íbúðarhúsnæði og þannig samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur, svo og án þess að fjárfestingarleyfi væri fengið fyrir byggingu þessarar hæðar hússins. Nefnd hæð er eign ákærða Ingveldar en allar framkvæmdir varðandi byggingu þessarar hæðar, innréttingu hennar og ráðstöfun annaðist meðákærði Helgi skv. ótadmörkuðu umboði frá Ingveldi.

Brot það, er greinir í nr. 1 hér að framan, þykir varða við lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. nr. 88/1953, 8. gr., 2. mgr., sbr. 11. gr., og reglugerð um sama efni nr. 212/1953, 23. gr., 2. mgr., sbr. 27. gr.

Brot það, er greinir í nr. 2, þykir auk framangreindra ákvæða varða við bráðabirgðalög nr. 63/1956, 2. gr., sbr. 4. gr.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Ingveldur er fædd 30. maí 1894. Hún hefur ekki sætt kærur eða refsingum fyrr, svo vitað sé.

Ákærði Helgi Trausti er fæddur í Reykjavík 15. janúar 1924. Hann hefur áður sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

1947 22/10 Rvík. Sátt: 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.  
1948 17/9 — Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.  
1949 22/11 — Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 9. febrúar 1954 sækir ákærði í máli þessu, Helgi Hjartarson framkvæmdastjóri, Hávallagötu 43, til Innflutningsskrifstofunnar um fjárfestingarleyfi til byggingar 180 fermetra iðnaðarhúss, allt að 1620 m<sup>3</sup>, að Skólavörðustíg 16 hér í bæ, en lóðareigandi var tengdamóðir hans, Ingveldur Ólafsdóttir, sem einnig er ákærð í máli þessu. Í umsókn ákærða segir m. a.:

„Í byggingunni verður til húsa framleiðsla á dúkum, litun, saumaskapur og annað, sem við kemur framleiðslu á nærfatnaði og öðrum skyldum fatnaði. Fyrirtækið, sem verður til húsa í byggingunni, er nýtt. Þar sem mikill stofnkostnaður er við niðursetningu véla og tækja, er nauðsynlegt, að verksmiðjan hafi ráð á öruggu húsnæði. Enn fremur, þar sem fyrstu vélarnar til verksmiðjunnar munu koma í næsta mánuði, óskast þessi umsókn tekin til meðferðar hið bráðasta.“

Veruleg tregða var hjá stjórnarvöldum fjárfestingarmála að veita leyfi fyrir svo stóru húsi, en eftir ítrekuð viðtöl við ákærða um þarfir hans í bráð og starfrækslumöguleika var honum með bréfi, dags. 9. ágúst 1954, gefinn kostur á fjárfestingarleyfi fyrir einni hæð iðnaðarhúss, að grunnfleti 180 m<sup>2</sup>, enda færi fjárfesting á árinu ekki fram úr 150 þúsund krónum, en fram yrði lögð samþykkt og árituð teikning frá byggingaryfirvöldum.“

Ákærði lagði fram teikningu að 200 fermetra húsi, samþykktu af byggingarnefnd. Í kjallara eru geymslur, þvottahús, þurrkhús og miðstöð, auk stiga og ganga. Á fyrstu hæð eru 3 vinnusalir og snyrting auk ganga og stiga. Á 2., 3. og 4. hæð eru íbúðir, ein á hverri hæð, og á þakhæð er ein stór stofa og 6 geymsluherbergi. Hinn 22. september 1954 er gefið út formlegt leyfi samkvæmt þessari teikningu: „Bygging iðnaðarhúss, að grunnfleti 200 ferm., ein hæð. Fjárfesting á árinu má ekki fara fram úr 150 þús.“

Fjárfestingarleyfi er ekki gefið út fyrir kjallaranum, þó að Innflutningsskrifstofan hafi litið svo á, að teikning bæri með sér, að geymslur þar muni meira ætlaðar til nota fyrir starfsemi þá, sem fram færi á 1. hæð hússins en íbúðirnar á efri hæðum. Enda mun ekki venja að taka sérstaklega fram í fjárfestingarleyfum um geymsluhluta í kjallara tilheyrandi 1. hæð.

14. janúar 1955 sækir ákærði um endurnýjun á fjárfestingarleyfinu og kveðst þá hafa varið 102 þúsundum til byggingarinnar á árinu 1954, en gerir ráð fyrir 70 þúsund króna kostnaði á árinu 1955. Leyfið var endurnýjað með fjárfestingarleyfi nr. 364, dags. 15. febrúar 1955, og heimiluð 70 þúsund króna fjárfesting það ár.

14. janúar 1956 sækir ákærði enn um endurnýjun leyfisins fyrir það ár, telur kostnað þá vera orðinn 134 þúsund krónur og segist þurfa 50 þúsund króna fjárfestingu á árinu. Þessari beiðni er sýnjað á fundi Innflutningsskrifstofunnar, og tilkynnt ákærða bréflega 8. júní 1956. Var synjunin m. a. byggð á því, að „skrifstofunni þótti sýnt þegar á árinu 1955, að ekki væri ætlunin að hafa íbúðir í húsinu að Skólavörðustíg 16.“

Tilkynnti Innflutningsskrifstofan byggingarnefnd Reykjavíkur m. a. með bréfi, dags. 21. desember 1955, að taka ætti íbúðirnar í nefndu húsi til annarra nota að einhverju leyti, en í svarbréfi byggingarnefndarinnar 29. desember s. á. er sagt, að húsið hafi verið samþykkt sem íbúðarhús, og þá ekki tekið til annarra nota.

Byggingarframkvæmdir hófust árið 1954 um sumarið. Ákærði Helgi Trausti er, eftir því sem fram hefur komið í málinu, með-eigandi í húsinu. Hann hafði fyrir sína hönd og tengdamóður sinnar, ákærða Ingveldar, með höndum stjórn allra framkvæmda við bygginguna og ráðstöfun húsnæðis síðar. Leyfi fyrir byggingunni voru, að svo miklu leyti sem um þau er að ræða, gefin út á hans nafn.

Með samningi, dags. 27. júlí 1954, heimila ákærðu í máli þessu Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni, bróður ákærða Ingveldar, að hagnýta lóðina þannig, að hann láti byggja á henni kjallara hins nýja húss, eftir að gamla húsið, sem á lóðinni stóð, hefði verið fjarlæggt. Ákærði Ingveldur skuldbindur sig þá til þess að halda byggingu hússins áfram án tafar, þegar að lokinni byggingu kjallarans. Jafnframt tekur Ásbjörn á leigu fyrstu hæð hússins til 10 ára, frá því byggingu hennar er lokið. Auk þess er Ásbirni Ólafssyni veittur í samningi þessum forleiguréttur að þeim hlutum byggingarinnar, sem eigandi ætlar ekki til eigin nota, svo og forkaupsréttur, en Ingveldi aftur forkaupsréttur að kjallara. Samningur þessi er afhentur til þinglesturs 28. apríl 1955 og færður á veðmálaskrá sama dag, með yfirlýsingu um, að byggingu kjallarara sé lokið og Ásbjörn Ólafsson h.f. sé eigandi hans.

Samkvæmt teikningu hússins er flatarmál þess 200.4 m<sup>2</sup>, en rúmmál þess sem hér segir: Kjallari 734 m<sup>3</sup>, 1. hæð 649.3 m<sup>3</sup>, 2., 3. og 4. hæð samtals 1731.5 m<sup>3</sup> og rishæð 390 m<sup>3</sup>. Virðist svo sem Innflutningsskrifstofan hafi í sjálfu sér ekki gert athugasemdir um stærð íbúðanna sérstaklega, enda þótt rúmmetrafjöldi 2., 3. og 4. hæðar sé nokkru meiri en 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o.fl. heimila byggingar á án formlegs fjárfestingarleyfis.

Við fyrrnefndan leigusamning gera samningsaðiljar með sér viðbótarleigusamning hinn 5. desember 1955, þar sem Ásbjörn Ólafsson h/f tekur á leigu til 5 ára 2. hæð hússins, frá 1. janúar 1956 að telja. Af samningnum verður það ráðið, að húsnæðið er ekki fullgert, þegar samningurinn er gerður, en leigusali skuldbindur sig til að hraða verkinu eftir föngum og skila húsnæðinu máluðu og dúklögðu í hendur leigutaka, án þess þó að frá því sé gengið í samræmi við teikningar þær, sem byggingaryfirvöld höfðu samþykkt og afhentar voru Innflutningsskrifstofunni, heldur skilað sem einum sal, enda verður það og ráðið af leigusamningi þessum, að húsnæðið er leigt sem verzlunarhúsnæði.

Í aprílmánuði 1956 gerir ákærði Ingveldur leigusamning við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þar sem 3ja hæð hússins, 7 herbergi auk kaffiherbergis, snyrtiherbergis og ganga, er leigð til 5 ára. Ljóst er af húsaskipan svo og leigufjárhæð, að húsnæðið er leigt undir skrifstofur ellegar atvinnurekstur. Húsnæðið er tekið í notkun af Samábyrgðinni í maí-byrjun 1956.

Samkvæmt staðhæfingum ákærða Helga Trausta, framburðum Ásbjörns Ólafssonar og vitna, er leidd hafa verið í málinu, verður að telja nægilega sannað, að Ásbjörn Ólafsson h/f hafi tekið við húsnæðinu á annarri hæð hússins í janúarbyrjun og notað það jafnan síðan undir verzlunarrekstur sinn, fyrst sem dreifingarmiðstöð og vöruheymslu, unz opnuð var sölubúð á báðum hæðum, fyrstu og annarri, samtímis 22. september 1956.

Ákærði Helgi Trausti, sem eins og fyrr segir, hefur haft með framkvæmdir byggingarinnar að gera og ráðstöfun húsnæðisins, kveðst hafa hafizt handa um bygginguna á miðju sumri 1954. Hann segir, að gert hafi verið ráð fyrir því, að íbúðarhúsnæði væri á öðrum hæðum en fyrstu hæð og kjallara, og ekki hafi fengizt formleg leyfi stjórnarvalda byggingarmálefna um, að húsnæði þessu yrði breytt í atvinnuhúsnæði, eftir að byggingin hófst, en teikningar af bygginunni eru gerðar af Sigurði Péturssyni, byggingarfulltrúa í Reykjavík. Ákærði segir, að ástæðan fyrir því, að hann tók ekki húsnæðið á fyrstu hæð til notkunar fyrir iðnaðarhúsnæði, svo sem hann gerði ráð fyrir í umsókum sínum til Innflutningsskrifstofunnar, hafi verið sú, að hann hafi verið í fjárhagsvandráðum með að fullgera húsið, en auk þess hafi því einnig valdið tregða gjaldeyrisyfirvalda á að veita yfirfærslu á greiðslu véla, sem hann hafi ætlað til iðnaðarins. Þá segir hann um aðrar hæðir hússins, að þess hafi verið dæmi, að hús hafi verið byggð samkvæmt teikningum, sem gáfu til kynna íbúðarhúsnæði, en eftir að húsin hafi verið langt komin, hafi verið breytt um inn-

réttingar og húsin síðan tekin í notkun sem verzlunarhúsnæði, og fjárfestingarleyfi þá fengizt síðar. Kveðst hann í raun og veru hafa búizt við því fastlega, að hann fengi síðar fjárfestingarleyfi einnig fyrir efri hæðunum. Þær vonir hafi hins vegar brugðizt, því að sér hafi verið sagt af starfsmönnum Innflutningsskrifstofunnar, að tilgangslaust væri að sækja um leyfi til slíkra breytinga, og fyrir því hafi hann eigi gert það.

Sigurður Pétursson, byggingarfulltrúi í Reykjavík, sem einnig var húsameistari húss þess, er mál þetta fjallar um, mætti í málinu. Skýrði hann frá því, að kjallari og fyrsta hæð hússins væru teiknaðar fyrir atvinnurekstur, en aðrar hæðir sem íbúðarhúsnæði, þó þannig, að allir innveggir nema stigahús væru léttir, þ. e. ekki steiptir upp um leið og útveggir, óháðir burðarmagni hússins, þannig að auðvelt væri að breyta fyrirkomulagi þess, án þess að burðarþol raskaðist. Hafi þetta verið gert með þá staðreynd í huga, að húsið stæði við mikla verzlunargötu, þannig að breyta mætti húsnæðinu í verzlunar- eða atvinnuhúsnæði, þegar leyfi fengizt til slíks, án mikillar fyrirhafnar eða eyðileggingar verðmæta. Hann var um það spurður, hvort íbúðarhæðirnar hafi í öllu verið byggðar í samræmi við teikningar þær, sem samþykktar voru af byggingaryfirvöldum bæjarins, og svaraði hann því játandi, en tók þó fram, að þær hafi ekki verið fullgerðar eftir þeim teikningum, sem fyrir lágu og samþykktar voru af byggingarnefnd, og þess vegna geti byggingarfulltrúi ekki gefið vottorð um, að íbúðarhæðirnar séu fullgerðar samkvæmt samþykktum uppdráttum. Telur hann það ekki brjóta í bága við teikningar, þó að ekki sé lokið byggingu til fulls.

Ákærði Ingveldur skýrði frá því, að húseignin, sem hér um ræðir, sé sameign sín og tengdasonar síns, ákærða Helga Trausta, að undanskildum kjallara, er Ásbjörn Ólafsson eigi. Kveðst hún, áður en byggingarframkvæmdir hófust eða leyfi var veitt til þeirra, hafa veitt tengdasyni sínum umboð til þess að gera fyrir sína hönd hvaða ráðstafanir, sem hann teldi hagkvæmar og nauðsynlegar vegna byggingarinnar, og hafi hann síðan haft á hendi fyrir hana alla umsýslu af eigininni. Hún kveðst aldrei hafa sett sig neitt inn í viðskipti í sambandi við eignina eða um framkvæmd hennar, meðan hún var í smíðum, eða hagnýtingu hennar.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að ákærðu hafa ráðstafað húsnæði því, sem um ræðir í síðari tölulið ákæru-skjalsins, annarri hæð umræddrar húseignar með leigusamningi, dagsettum 5. desember 1955, sem afhentur er til þinglesturs 13. desember, þar sem húsnæðið er leigt frá 1. janúar 1956 að telja, til

Ásbjörns Ólafssonar h/f, og enn fremur verður að telja, að sannað sé, að Ásbjörn Ólafsson hafi tekið húsnæðið til notkunar og notað síðan sem verzlunarhúsnæði frá því í janúarmánuði 1956, fyrst sem dreifingarmiðstöð og birgðageymslu, en síðan sem sölubúð. Af þeim sökum ber þegar að sýkna hin ákærðu af ákærinni um brot á 2. sbr. 4. gr. laga nr. 63/1956.

Þegar virt eru þau atriði, að ákærði Helgi sækir upphaflega um leyfi fjárfestingarstjórnarvalda til byggingar atvinnuhúsnæðis, að húsið er teiknað með það fyrir augum, að því megi auðveldlega breyta í verzlunarhúsnæði, þegar leyfi fáist til þess, að leigusamningur er gerður, þegar áður en byggingarframkvæmdir eru hafnar um húsnæði 1. hæðar, til 10 ára, sem útilokar þann tíma þá hagnýtingu húsnæðisins, sem Innflutningsskrifstofunni er tjáð, að tilætluð sé, og hún síðan byggir leyfi sitt á, svo og leigusamningar þeir og ráðstöfun á húsnæði 2. og 3. hæðar til verzlunar- og skrifstofunota, svo sem að framan hefur verið lýst, svo og önnur atriði, er fram hafa komið við rannsókn máls þessa, þá þykja leiddar að því mjög sterkar líkur, að tilgangur ákærðu, er þau lögðu fram teikningar hússins og hófu síðan byggingu þess, hafi ekki verið sá, að húsnæðið yrði notað til íbúða, svo sem stjórnarvöld byggingarmálefna og fjárfestingarmálefna máttu ætla. Ákærðu bar að hafa leyfi Innflutningsskrifstofunnar samkvæmt 2. mgr. sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl. og reglugerð um sama efni nr. 212/1953, 2. mgr., sbr. 1. mgr. 23. gr., til byggingar annarrar og þriðju hæðar, til þess að geta ráðstafað henni, svo sem raun varð á. En með því að þau höfðu eigi slíkt leyfi, verður að telja, að þau séu bæði brotleg við nefnt laga- og reglugerðar-ákvæði, og leysir það ákærða Ingveldi eigi undan sök, þó að hún hafi veitt ákærða Helga Trausta umboð til þess fyrir sína hönd að gera allar ráðstafanir vegna byggingarinnar.

Refsing hinna ákærðu samkvæmt 11. gr. fyrrnefndra laga og 27. gr. reglugerðarinnar, hvors um sig, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 25.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing hvorrar sektar varðhald í 150 daga, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærðu in solidum til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Einars Ásmundssonar hrl., kr. 5000.00.

## Dómsorð:

Ákærðu, Helgi Trausti Hjartarson og Ingveldur Ólafsdóttir, greiði, hvort um sig, 25.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing hvorrar sektar skal vera varðhald í 150 daga, verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Einars Ásmundssonar hrl, kr. 5000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 147/1957. Jón E. Waage

og

Þórunn Waage

gegn

Kristjáni Guðlaugssyni.

## Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Synjun frests.

## Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. þ. m., er barst dóminum hinn 16. s. m. Frá þeim hafa hins vegar eigi borizt kröfur né greinargerð, en ætla verður, að þeir hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.